

Tillaga til 488. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 20. janúar 2022

Tillaga frá 114. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar sem fram fór 22. desember 2021, sem og 1183. fundi bæjarráðs sem fram fór 17. janúar 2022, um að bæjarstjórn samþykki framlengingu á samningi Ísafjarðarbæjar við Terra ehf., um sorphirðu og förgun í Ísafjarðarbæ, til tveggja ára, sbr. framlengingarákvæði í kafla 0.1.4. Framlenging skal öðlast gildi 1. janúar 2022.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd, 114. fundur

1. Samningur um sorp 2022 - 2026 - 2021060034

Lagt fram minnisblað Tækniþjónustu Vestfjarða dags. 16. nóvember 2021, um sorpmál, vegna óska Terra ehf., um framlengingu á sorpsamningi við Ísafjarðarbæ.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila framlengingu á samningi um sorphirðu og förgun í Ísafjarðarbæ, til tveggja ára, sbr. framlengingarákvæði í kafla 0.1.4, í undirrituðum verksamningi. Framlenging skal öðlast gildi 1. janúar 2022.

Nefndin óskar jafnframt eftir fundi við framkvæmdaaðila í janúar 2022.

Bæjarráð, 1183. fundur

4. Samningur um sorp 2022 - 2026 - 2021060034

Á 114. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar, þann 22. desember 2021, var lagt fram minnisblað Tækniþjónustu Vestfjarða dags. 16. nóvember 2021, um sorpmál, vegna óska Terra ehf., um framlengingu á sorpsamningi við Ísafjarðarbæ. Nefndin lagði til við bæjarstjórn að heimila framlengingu á samningi um sorphirðu og förgun í Ísafjarðarbæ, til tveggja ára, sbr. framlengingarákvæði í kafla 0.1.4, í undirrituðum verksamningi. Framlenging skal öðlast gildi 1. janúar 2022.

Á 1182. fundi bæjarráðs, þann 10. janúar 2021, voru sömu gögn lögð fyrir fundinn, auk minnisblaðs Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 29. desember 2021, og lagði bæjarráð til við bæjarstjóra að vinna málið áfram og leggja málið aftur fyrir bæjarráð á næsta fundi.

Á 115. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar, þann 12. janúar 2022, var fundað með forsvarsmönnum Terra ehf. Umræður fóru fram um upplýsingagjöf til íbúa, einnig umgengni á sorpmóttökusvæði Funa og flokkun sorps.

Nú eru fyrrgreind minnisblöð Tækniþjónustu Vestfjarða og sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs lögð fyrir bæjarráð á nýjan leik, þar sem óskað er framlengingar á samningi um sorphirðu og förgun í Ísafjarðarbæ við Terra ehf., frá og með 1. janúar 2022, og til tveggja ára.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framlengingu á samningi Ísafjarðarbæjar við Terra ehf., frá og með 1. janúar 2022, til tveggja ára, auk þess sem óskað er eftir frekara minnisblaði um málið frá sviðsstjóra eftir fund með forsvarsmönnum Terra ehf.